


Sagnorð



- Hver eru einkenni persónubeygðra sagna?
- Persónubeygð sögn **breytist** þegar skipt er um persónu eða tölu.
- Gerandinn sem stendur með persónubeygðri sögn er alltaf í nefnifalli. Dæmi: Við (nf) tölum hátt.




Sagnorð

- Hvernig beygist sögnin að hlakka í persónum?

- Ég hlakka (1.p. et.)
- Þú hlakkar (2.p. et.)
- Hann hlakkar (3.p. et.)
- Við hlökkum (1.p. ft.)
- Þið hlakkið (2.p. ft.)
- Þeir hlakka (3.p. ft.)

nf.




Sagnorð

- Hvernig beygist sögnin að kvíða í persónum?


- Ég kvíði (1.p. et.)
- Þú kvíðir (2.p. et.)
- Hann kvíðir (3.p. et.)
- Við kvíðum (1.p. ft.)
- Þið kvíðið (2.p. ft.)
- Þeir kvíða (3.p. ft.)

nf.



Sagnorð

- Hver eru einkenni ópersónulegra sagna nefndu þrjú atriði.
- Ópersónulegar sagnir **beygjast ekki** þó skipt sé um persónu og tölu.
- Gerandinn sem stendur með ópersónulegum sögnum er alltaf í þf. eða þgf.
- Ópersónulegar sagnir eru fastar í 3.p. et.




Sagnorð

- Nefndu dæmi um ópersónulega sögn sem tekur með sér geranda í þf.

- Mig langar (3.p. et.)
- Þig langar (3.p. et.)
- Hann langar (3.p. et.)
- Okkur langar (3.p. et.)
- Ykkur langar (3.p. et.)
- Þá langar (3.p. et.)

þf.




Sagnorð


- Nefndu dæmi um aðra ópersónulega sögn sem tekur með sér geranda í þgf.

- Mér finnst (3.p. et.)
- Þér finnst (3.p. et.)
- Honum finnst (3.p. et.)
- Okkur finnst (3.p. et.)
- Ykkur finnst (3.p. et.)
- Þeim finnst (3.p. et.)


þgf.



Sagnorð



- Greinið persónu og tölu sagnorðanna hér á eftir og segið hvort sagnirnar eru persónulegar eða ópersónulegar.
- Okkur líkar vel við ykkur.
- Líkar - 3.p. et. **óp.** (okkur = **pgf.**)
- Við lesum margar góðar bækur.
- Lesum - 1.p. ft. **pl.** (við = **nf.**)




Sagnorð



- Krakkarnir komu heim á réttum tíma.
- Komu - 3.p. ft. **pl.** (krakkarnir = **nf**)
- Mig minnir að þetta hafi verið svona.
- Minnir - 3.p. et. **óp.** (mig = **pf**)
- Hafi - 3.p. et. **pl** (þetta = **nf**)



Sagnorð




- Allir ættu að sjá að þetta er ekkert grín.
Arrows point from the underlined words 'ættu' and 'er' to the word 'grín'.
- Ættu - 3.p. ft. **pl.** (allir = **nf**)
- Er - 3.p. et. **pl.** (þetta = **nf**)
- Mig langar í falleg föt.
An arrow points from the underlined word 'langar' to the word 'föt'.
- Langar - 3.p. et. **óp.** (mig = **pf.**)



Sagnorð




- Hvernig myndast núliðin tíð. Nefndu dæmi?
- Núliðin tíð myndast með hjálparsögninni að hafa í nútíð og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögn.
- Dæmi: Hann hefur komið hingað áður.
hefur - nt
komið - þt  nlt.




Sagnorð

- Breytið eftirfarandi setningum í núliðna tíð.
- Maðurinn kemur hingað á hverju ári:
- Maðurinn hefur komið hingað á hverju ári.
- Við viljum öll standa okkur vel.
- Við höfum öll viljað standa okkur vel.
- Við lærum margt í 10. bekk.
- Við höfum lært margt í 10. bekk.



Sagnorð




- Hvernig myndast páliðin tíð. Nefndu dæmi?
- Páliðin tíð myndast með hjálparsögninni að hafa í þátíð og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögn.
- Dæmi: Hann hafði komið hingað áður.
hafði - þt  þlt.
komið - þt



Sagnorð

- Breytið eftirfarandi setningum í þáliðna tíð.
- Ég horfi út á sjóinn á hverjum degi.
- Ég hafði horft út á sjóinn á hverjum degi.
- Við búum öll á Seltjarnarnesi.
- Við höfðum öll búið á Seltjarnarnesi.
- Börnin eru dugleg að borða matinn sinn.
- Börnin höfðu verið dugleg að borða matinn sinn.




Sagnorð



- Hvernig myndast framtíð. Nefndu dæmi?
- Framtíð myndast með hjálparsögninni að munu í nútíð og nafnhætti af aðalsögn.
- Dæmi: Hann mun koma hingað aftur.

mun - nt

koma - nt




frt.



Sagnorð

- Breytið eftirfarandi setningum í framtíð.
- Ég horfi út á sjóinn á hverjum degi.
- Ég mun horfa út á sjóinn á hverjum degi.
- Við búum öll á Seltjarnarnesi.
- Við munum öll búa á Seltjarnarnesi.
- Börnin eru dugleg að borða matinn sinn.
- Börnin munu vera dugleg að borða matinn sinn.



Sagnorð

- Hvernig þekkjum við germynd sagna?
- Sögn er í germynd þegar **athyglinni er beint að gerandanum** í setningunni.
Dæmi: Drengurinn borðar matinn sinn.
Stúlkan klæðir sig í fötin.
(Drengurinn og stúlkan eru gerendur í setningunum, þ.e. þau framkvæma það að borða og klæða sig.)



Sagnorð



- Hvernig þekkjum við þolmynd sagna?
- Sögn er í þolmynd þegar **athyglinni er beint að þolandanum** í setningunni. Þolmynd myndast með **hjálparsögnumum að vera** eða að **verða + aðalsögn**.
Dæmi: Maturinn er borðaður (af drengnum).
Stúlkan er klædd í fötin (af móður sinni).
Skemmtunin verður haldin í næsta viku.

(Maturinn, stúlkan og skemmtunin eru þolendur í setningunum, þ.e. maturinn þolir það að vera borðaður, stúlkan þolir það að vera klædd og skemmtunin þolir það að vera haldin.)

Ath!! Þolmynd samanstendur alltaf af tveimur sögnum þ.e. vera/verða + aðalsögn.




Sagnorð

- Hvernig þekkjum við miðmynd sagna?
- Miðmynd endar alltaf á -st í öllum persónum, eintölu og fleirtölu.
Dæmi: Stúlkan klæðist fallegum fötum.
(Ég klæðist, við klæðumst.)
Fréttin barst milli manna.
(Ég berst, við berumst.)
- Ath!! Gætið þess að germynd getur endað á -st í 2.p. et. Þú fórst (gm). Eg fór (gm)



Sagnorð



- Greinið mynd sagnorðanna í eftirfarandi setningum.
- Það fórust margir í náttúruhamförunum.
- Fórust - mm (ég fórst, við fórumst)
- Þú fórst um leið og við komum.
- Fórst - gm (ég fór, við fórum)
- Komum - gm



Sagnorð

- Maturinn var borinn á borð eftir að gestirnir komu í veisluna.
- Var borinn - þm
- Komu - gm

- Það komust allir heilir úr ferðinni og margir lögðu strax af stað í aðra ferð.
- Komust - mm (ég komst, við komumst)
- Lögðu - gm



Sagnorð




- Hverjir eru persónuhættir sagna og hver eru helstu einkenni þeirra?
- **Framsöguháttur** - bein fullyrðing eða bein spurning.
- **Viðtengingarháttur** - eitthvað vafabundið
- **Borðháttur** - skipun



Sagnorð

- Mundu að það er **alltaf** einn og aðeins einn persónuháttur í hverri setningu!!!!



Sagnorð



- Hverjir eru fallhættir sagna og hver eru einkenni þeirra?
- Nafnháttur - endar á -a
- Lýsingarháttur nútíðar - endar á -andi
- Lýsingarháttur þátíðar - stendur með hjálparsögnunum hafa, vera, verða, fá, geta eða eiga




Sagnorð

- Greinið persónu, tölu, hátt og tíð sagnanna í málsgreininni.
- Ég vil að allir komi hlaupandi þegar ég kalla.
- Vil - 1.p. et. fh. nt.
- Komi - 3.p. ft. vh. nt.
- Hlaupandi - lh. nt. (fallhættir beygjast ekki eftir persónu og tölu)
- Kalla - 1.p. et. fh. nt.




Sagnorð

- Greinið persónu, tölu, hátt og tíð sagnanna í málsgreininni.
- Hann keypti sér mat ef hann ætti pening.
- Keypti - 3.p. et. vh. pt.
- Ætti - 3.p. et. vh. pt.




Sagnorð

- Greinið persónu, tölu, hátt og tíð sagnanna í málsgreininni.
- Allir krakkarnir hafa komið hlaupandi.
- Hafa - 3.p.ft. fh.nt.
- Komið - lh.pt
- Hlaupandi - lh.nt.



Sagnorð

- Greinið persónu, tölu, hátt og tíð sagnanna í málsgreininni.
- Nú er komið að undirbúningi undir samræmd próf.
- Er - 3.p.et. fh.nt. (það er komið)
- Komið - lh.pt



Sagnorð

- Greinið persónu, tölu, hátt og tíð sagnanna í málsgreininni.
- Lesið vel undir prófin því þá mun ykkur ganga vel.
- Lesið - 2.p.ft. bh.nt.
- Mun - 3.p.et.(óp) fh.nt. (ykkur(þgf) mun)
- Ganga - nh.nt.



Sagnorð



- Hvernig þekkjum við veikar sagnir.
- Veikar sagnir **enda á -aði, -ði, -di, -ti í 2. kennimynd og þær hafa þrjár kennimyndir.**




Sagnorð

- Hvernig þekkom við sterkar sagnir?
- Sterkar sagnir hafa enga endingu í 2. kennimynd og þær hafa fjórar kennimyndir.




Sagnorð

- Hvernig beygist sögnin að tala í kennimyndum?
- Að tala - ég talaði - ég hef talað
- Hvernig beygist sögnin að setja í kennimyndum?
- Að setja - ég settið - ég hef sett




Sagnorð

- Hvernig beygist sögnin að sjóða í kennimyndum?
- Að sjóða - ég sauð - við suðum - hef soðið
- Hvernig beygist sögnin að finna í kennimyndum?
- Að finna - ég fann - við fundum - hef fundið



Sagnorð




- **Munið!!**
- Sagnorð sem enda á **ó/á** í 2. kennimynd eru skrifuð g-laus í 2. kennimynd en með g-i í 3. kennimynd.



Sagnorð

- Æfið ykkur að beygja sagnirnar: hlæja, draga, slá, flá, vega, liggja, þiggja.

- Hlæja- hló- hlógum- hlegið
- Draga- dró- drógum- dregið
- Slá- sló- slógum- slegið
- Flá- fló- flógum- flegið
- Vega- vó- vógum- vegið
- Liggja- lá- lágum- legið
- Þiggja- þá- þágum- þegið



Sagnorð




- Hverjar eru núpálegu sagnirnar?
- Eiga, mega, unna, kunna, muna, munu, skulu, þurfa, vita, vilja.
- Ath. **núpálegar sagnir og -ri sagnirnar** róa, gróa, núa, snúa hafa **blandaða beygingu**.



Sagnorð

- Hvernig beygist blönduðu sagnirnar að eiga og mega.
- Að eiga - ég á - ég átti - ég hef átt
- Að mega - ég má - ég mátti - ég hef mátt
- Hvernig beygist blandaða ri-sögnin að róa?
- Að róa - ég reri - ég hef róið



Sagnorð




- Ath!! Kennimyndir sagna eru notaðar til að kenna okkur að skrifa aðrar myndir sagnanna.
- Þær myndir sagna sem dregnar eru af kennimyndunum kallast afleiddar myndir.




Sagnorð

- Hvaða **afleiddar myndir** sagna drögum við af fyrstu kennimynd sterkra sagna?
- **framsöguhátt nútíðar**,
(í 1.p. et. - ég kem)
- **viðtengingarhátt nútíðar**,
(í 1.p. et. - held ég komi)
- **boðhátt** (sem er alltaf í nútíð) (komdu)
- **lýsingarhátt nútíðar** (komandi)



Sagnorð

- Hvaða **afleiddar myndir** sagna drögum við **af annarri kennimynd** sterkra sagna.
- **Framsöguhátt þátíðar í eintölu**
(þú komst, hann kom)




Sagnorð



- Hvaða **afleiddar myndir** sagna drögum við **af þriðju kennimynd** sterkra sagna.
- **Framsöguhátt þátíðar** í fleirtölu (þið komuð, þeir komu)
- **viðtengingarhátt þátíðar** (í 1. p. et. - hélt ég kæmi)



Sagnorð




að st <u>in</u> ga		ég stakk	fh.	við st <u>un</u> gum	fh.	hef stungið
Ég sting		Þú stakkst	pt.	Þið stunguð	pt.	Hann er stunginn
Þú stingur		Hann stakk	et.	Peir stungu	ft.	Hún er stungin
Hann stingur	fh. nt.					Peir eru stungnir
Við stingum				Hélt ég styngi		Þær eru stungnar
Þið stungið				Hélt þú styngir		
Peir stinga				Hélt hann styngi	vh. pt.	
Held ég stingi				Hélt við styngjum		
Held þú stingir				Hélt þið styngjuð		
Held hann stingi	vh. nt.			Hlélt þeir styngju		
Held við stingum						
Held þið stungið						
Held þeir stingi	bh. nt.					
Stingdu	lh. nt.					

Ath!! U → y



Sagnorð

- Af hvaða kennimynd sterkrar sagnar er orsakasögn dregin?
- Annarri kennimynd.



Sagnorð

- Hver er orsakasögnin af sögninni að fjúka?
- Fjúka- fauk-fukum-fokið
svar: feykja-feykti -feykt au>ey



Sagnorð

- Hver er orsakasögnin af sögninni að sitja?
- Sitja - sat - sátum - setið
svar: setja - setti - sett a > e

